

# Þingsályktun

um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að móta tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Tillögurnar liggja fyrir á haustþingi 1998.

*Samþykkt á Alþingi 16. mars 1998.*